



HÚNAÞING  
VESTRA

2024-2028

# MÁLSTEFNA HÚNAÞINGS VESTRA



## 1. Leiðarljós og gildissvið

Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnslu Húnaþings vestra. Þar er íslenska í öndvegi og skal hún vera til fyrirmyndar í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu. Í sömu lögum er kveðið á um að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli sjá til þess að hún sé notuð.

Allar lykilupplýsingar um þjónustu Húnaþings vestra skulu auk íslensku einnig vera til á ensku og eins og kostur er, öðrum þeim tungumálum sem flestir íbúar sveitarfélagsins eiga að móðurmáli. Tryggja skal réttindi fólks af erlendum uppruna í þjónustu og samskiptum við Húnaþing vestra með því að bjóða þeim, sem ekki geta skilið eða tjáð sig á íslensku, samskipti með þýðingarforritum. Í viðkvæmum og mikilvægum málum, s.s. barnavernd og foreldraviðtölum, skulu starfsmenn Húnaþings vestra nýta sér túlkþjónustu ef þörf er talin á í samráði við næsta yfirmann, enda séu hagsmunir viðkomandi íbúa mikilvægir að mati starfsmanna.

Í rafrænni þjónustu Húnaþings vestra skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að íbúar geti hæglega hagnýtt sér hana og lokið erindum sínum.

Málstefna þessi tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingum af hálfu Húnaþings vestra og byggir á grundvallaratriðum þeirra um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum starfsstöðvum Húnaþings vestra. Starfsfólk skal taka mið af henni í störfum sínum og samskiptum og vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.



## 2. Íslenska og önnur tungumál

Starfsfólk Húnaþings vestra skal nota íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema þar sem aðstæður krefjast þess að það noti önnur tungumál, t.d. við ráðgjöf við fólk með annað móðurmál en íslensku.

Allar upplýsingar um þjónustu Húnaþings vestra, útgefið efni, fundargerðir og önnur gögn, skulu vera á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku.

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta með aðgengilegum hætti á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku.

Hjá Húnaþingi vestra er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Starfsfólk, sem er í beinum samskiptum við íbúa, skal hafa grundvallarfærni í íslensku, samanber námskrá í íslensku fyrir útlendinga.

Íslenska skal vera megin samskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstaða Húnaþings vestra. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnaði á starfsstöðum sveitarfélagsins.

Allt efni á vegum Húnaþings vestra, sem gefið er út á erlendum tungumálum, skal jafnframt vera til á íslensku.





### 3. Aðgengi

Allar upplýsingar um þjónustu Húnaþings vestra skulu vera aðgengilegar og auðskiljanlegar. Íbúar skulu hafa greiðan aðgang að upplýsingum um málstefnu sveitarfélagsins og þjónustu óháð tungumálum og geta tekið virkan þátt í íbúalýðræði og samfélagsumræðu.

Markmiðið er að gera allt efni á vef sveitarfélagsins aðgengilegt með helstu hjálpartækjum, svo sem skjálesurum og talgervlum.

Leitast skal við að lykilmerkingar á þjónustustöðum sveitarfélagsins, s.s. í og við lyftur og aðalinnganga, séu jafnframt á punktalettri svo blindir og sjónskertir rati þar um.

## 4. Málfar og málnotkun

Sá sem kemur fram fyrir hönd Húnaþings vestra talar og ritar vandað mál og sýnir vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Á það við um öll tungumál, íslensku sem önnur. Vandað mál er markvisst og í samræmi við málvenju, í viðeigandi málsniði og ritað í samræmi við gildandi reglur um rétttritun.

Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu og þýða eins og kostur er á íslensku fagheiti og hugtök í störfum sínum.

Þau sem skrifa og svara erindum fyrir hönd Húnaþings vestra skrifa einfaldan, skýran og hlutlægan texta, forðast gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir.

Húnaþing vestra skapar starfsmönnum sínum skilyrði til að bæta íslenskukunnáttu sína í fræðsluáætlun til að málfar og málnotkun í skriflegum sem munnlegum samskiptum geti verið til fyrirmyndar. Aðgangur skal vera að nauðsynlegum orðabókum, uppsláttarritum og vefsíðum um íslenskt mál og málnotkun.

Húnaþing vestra reynir eftir fremsta megni að efla færni erlendra starfsmanna í íslensku með vonduðu málfari í daglegu starfi og með því að hvetja starfsmenn til að sækja íslenskunámskeið í sveitarfélaginu og nágrenni þess.

## 5. Ábyrgð

Sveitarstjóri Húnaþings vestra ber ábyrgð á málstefnu sveitarfélagsins en allt starfsfólk ber ábyrgð á því að framfylgja henni. Framkvæmdaráð myndar málnefnd og skipar sveitarstjóri formann hennar. Hlutverk málnefndar er að tryggja að farið sé að þessari málstefnu og endurskoða hana á fimm ára fresti.

Málnefndin hefur aðra stefnumörkun sveitarfélagsins jafnframt til hliðsjónar í störfum sínum.

Mikilvægt er að allt starfsfólk allra stofnana sveitarfélagsins tileinki sér þessa málstefnu eða setji sér sína eigin til samræmis við þessa.



## Aðgerðaáætlun til innleiðingar málstefnu Húnaþings vestra, ábyrgðaraðilar og tímamörk

### Aðgerð

**Skipun málnefndar og formanns hennar.**

**Kynning málstefnu.**

**Skoðun á tölvuumhverfi og aðgengi starfsmanna að kerfum á íslensku.**

**Yfirferð á handbókakosti sem starfsmenn hafa aðgang að og meta hvort auka þarf hann í stofnunum sveitarfélagsins.**

**Tryggja að á fræðsluáætlun séu í boði námskeið í íslensku.**

**Bæta aðgengi blindra og sjónskertra að heimasíðu sveitarfélagsins með vefpulu.**

### Ábyrgð

Sveitarstjóri.

Málnefnd.

Málnefnd og forstöðumenn.

Málnefnd og forstöðumenn.

Málnefnd.

Málnefnd.

### Tímamörk

Innan mánaðar frá samþykkt stefnunnar.

Innan þriggja mánaða frá samþykkt stefnunnar.

Innan árs frá samþykkt stefnunnar.

Innan árs frá samþykkt stefnunnar.

Aldrei lokið.

Innan árs frá samþykkt stefnunnar.

## Aðgerðaáætlun til innleiðingar málstefnu Húnaþings vestra, ábyrgðaraðilar og tímamörk, framhald

### Aðgerð

**Tryggja að efni á heimasíðu sé birt með þeim hætti að það sé læsilegt vefpulu.**

**Tryggja að lykilmerkingar í stofnunum sveitarfélagsins séu á blindraletri.**

**Tryggja að myndefni sem framleitt kann að vera af sveitarfélaginu (myndbönd) og birt á miðlum þess sé textað til að það sé aðgengilegt heyrnarlausum.**

**Endurskoðun stefnunnar.**

### Ábyrgð

Málnefnd.

Málnefnd.

Málnefnd og forstöðumenn þeirra stofnana sem framleiða myndböndin.

Málnefnd í samráði við sveitarstjórn.

### Tímamörk

Innan tveggja ára frá samþykkt stefnunnar.

Innan tveggja ára frá samþykkt stefnunnar.

Aldrei lokið.

Eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku.

Byggðarráð samþykkti að drög að málstefnu yrðu sett í opið samráð á 1203. fundi ráðsins þann 22. janúar 2024. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt á 1205. fundi byggðarráðs þann 12. febrúar 2024.

Samþykkt á 379. fundi sveitarstjórnar þann 12. mars 2024.



Skjal þetta hefur vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 4, 8, 10.



Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.

